

Langanesbyggð
Fjarðarvegi 3
680 Þórshöfn

Reykjavík 11. september 2018
UST201808-017/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027 – breyting


Vísað er til erindis sveitarstjórnar Langanesbyggðar sem barst 3.ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingum á aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Í lýsingu kemur fram að vegna viðhalds og uppbyggingar vega innan sveitarfélagsins óskar Vegagerðin eftir fjölgun efnisnáma í sveitarféluginu. Um er að ræða fimm efnisnámur á svæðum sem hafa áður verið notuð til efnistöku og eru þegar röskuð. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrædda breytingu, en stofnunin vill benda á að við frágang umrædda námusvæða væri æskilegt að líta til leiðbeininga um efnistöku og frágang sem nálgast má á vefsíðunni namur.is.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst


Axel Benediktsson
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur